

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 309/2019**

2020/EES/14/37

frá 13. desember 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bfg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2030) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bfh. **32018 R 1229**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229 frá 25. maí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri (Stjútíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1229, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökuægi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 31, og EES-viðbætur nr. 17, 28.2.2019, bls. 8.